



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI MÝRDALSHREPPS 2012-2028

Ferðapjónusta við Sólheimajökul, AF1

**Breytingatillaga
Október 2021**

Verknúmer

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project1404/Documents/Skipulagstillögur/18102_210308_brASK_Mýrdalshrepps_Sólheimajökull.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	05.09.2021	AK	HTT	AK
2	08.10.2021	AK		AK

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Mýrdalshrepp
Austurvegur 17, 870 Vík

Efnisyfirlit

1	Forsendur	3
1.1	Forsendur breytingar	3
1.2	Staðhættir	3
2	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi	4
2.1	Gildandi aðalskipulag	4
2.2	Tillaga að breytingu	4
2.3	Stefna fyrir Afþreyingar- og ferðamannasvæði AF1	4
2.4	Lausn lands úr landbúnaðarnotum	5
2.5	Vatnsvernd, brunnsvæði	5
2.6	Náttúruvá	5
3	Umhverfisáhrif	6
3.1	Samræmi við áætlanir	6
3.1.1	<i>Landsskipulagsstefna 2015-2026</i>	6
3.1.2	<i>Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028</i>	6
3.1.3	<i>Deiliskipulag</i>	6
3.1.4	<i>Verndarsvæði</i>	6
3.2	Áhrif á umhverfisþætti	7
3.2.1	<i>Samgöngur</i>	7
3.2.2	<i>Ferðaþjónusta</i>	7
3.2.3	<i>Náttúruvá</i>	7
3.2.4	<i>Náttúrufar</i>	7
3.2.5	<i>Fornminjar</i>	8
3.2.6	<i>Ásýnd</i>	8
3.2.7	<i>Landnotkun</i>	8
3.3	Niðurstöður umhverfismat	8
4	Kynning og samráð	9
4.1	Framsetning gagna	9
4.2	Samráð	9
5	Samþykkt og staðfesting	9

1 Forsendur

Gerð er tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Greinargerð og umhverfisskýrslu fylgir breytingaruppdráttur.

Breyting snýr að því að verslunar- og þjónustusvæði V21, Ferðaþjónusta við Sólheimajökul, er breytt í afþreyingar og ferðamannasvæði, AF1. Svæðið er stækkað úr 1 ha í 5,3 ha. Þá er gerð leiðrétting á staðsetningu svæðisins og afmörkun landnotkunar færð til suðurs, sjá skipulagsuppdrátt. Þá bætist við afmörkun brunnsvæðis, ásamt fjarsvæði og grannsvæði, í samræmi við áætlanir á svæðinu. Gert er ráð fyrir að byggingarheimildir á svæðinu haldist óbreyttar.

1.1 Forsendur breytingar

Ferðaþjónusta er ein af helstu atvinnugreinum Mýrdalshrepps og fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja Mýrdalshrepp heim hefur aukist mikið á undanförunum árum, að frátöldu árinu 2020 og það sem af er ári 2021. Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 er gert ráð fyrir að aukning í atvinnugreinum verði fyrst og fremst í ferðaþjónustu. Stefna Mýrdalshrepps er að stuðla að ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og styðja við vöxt hennar. Til að fylgja þeirri stefnu er talið mikilvægt að fjölga svæðum í aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir gisti- og ferðaþjónustu, ásamt því að veita ákveðið svigrúm til vaxtar eftir því sem aðstæður leyfa og þörf er á.

Áætlað er að um 1.250 þúsund erlendir ferðamenn hafi heimsótt Vík í Mýrdal árið 2018. Skv. skýrslu Ferðamálastofu heimsóttu um 10% þeirra ferðamanna sem komu til landsins það árið Vík. Mikil gróska var í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu fram í byrjun árs 2020 þegar heimsfaraldur af völdum COVID-19 náði til Íslands og hafði mikil áhrif á komu erlendra ferðamanna í Mýrdalshrepp eins og annarstaðar. Þrátt fyrir að töluvert hafi dregið úr komu erlendra ferðamanna hefur verið nokkur uppgangur í ferðaþjónustu það sem af er ári 2021 einnig sem ferðamenn búsettir á Íslandi hafa aukið komu sína í sveitarfélagið.

Töluverð óvissa er um hvort og þá hvenær ferðaþjónusta tekur við sér að fullu á ný. Hins vegar er það afstaða sveitarfélagsins að æskilegt sé að byggja upp innviði á vinsælum ferðamannastöðum í sveitarfélaginu og er Sólheimajökull einn af þeim stöðum í sveitarfélaginu sem hefur mikið aðdráttarafl.

Ferðaþjónusta við Sólheimajökul hefur verið starfrækt í talsverðan tíma og til að geta boðið upp ásættanlega aðstöðu og þjónustu er þörf á að stækka svæðið fyrir atvinnustarfsemina. Stækkunin snýr fyrst og fremst að aðstöðu fyrir aðkomu og bílastæði. Byggingarheimildir breytast ekki.

Leiðrétting er gerð á staðsetningu ferðaþjónustusvæðis á uppdrætti svo aðalskipulagið sýni nákvæma staðsetningu og afmörkun ferðaþjónustusvæðis við Sólheimajökul.

1.2 Staðhættir

Svæðið er staðsett um 4 km norðan Suðurlandsvegur, austan Jökulsár á Sólheimasandi. Skipulagssvæðið er rétt utan við afmörkun miðhálandisins. Á svæðinu er nú bygging og malarplan.

2 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Breytingin snýr að því að verslunar- og þjónustusvæði V21, Ferðaþjónusta við Sólheimajökul, er breytt í afþreyingar og ferðamannasvæði, AF1. Svæðið er stækkað úr 1 ha í 5,3 ha. Þá er gerð leiðrétting á staðsetningu svæðisins og afmörkun landnotkunar færð til suðurs.

Við jökulinn eru tvö svæði sem hafa hingað til verið nýtt sem bílaplön, annars vegar nyrðra og hins vegar syðra bílastæðið. Það nyrðra hefur verið nýtt með óformlegum hætti, með tilheyrandi röskun lands, þar sem ekki er deiliskipulag í gildi.

Syðra svæði hefur einnig verið raskað og er raskið heldur meira en á nyrðra plani, af loftmyndum að dæma. Þá er í gildi deiliskipulag fyrir syðra planið, sjá kafla 3.1.3, og er aðalskipulagsbreyting þessi meðal annars gerð til þess að leiðrétta staðsetningu svæðisins á sveitarfélagsupprætti.

2.1 Gildandi aðalskipulag

Í kafla 2.4 greinargerðar aðalskipulags er gerð grein fyrir verslunar- og þjónustusvæðum. Eftirfarandi lína um V21, í töflu 2.4 í greinargerð aðalskipulags, er felld út:

Tafla 2.4 í greinargerð aðalskipulags þar sem skilgreind eru verslunar- og þjónustusvæði (Tafla sýnir aðeins það svæði sem felld er út).

Verslunar- og þjónustusvæði og núverandi nýting	Stærð ha	N
V21 Ferðaþjónusta við Sólheimajökul	1,0	0,4

2.2 Tillaga að breytingu

Svæðið fyrir ferðaþjónustu er stækkað og verður afþreyingar- og ferðamannasvæði AF1 og er skráð í nýja töflu fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði í Mýrdalshreppi. Svæðið var áður 1,0 ha og verður með breytingunni 5,3 ha að stærð. Ekki er gerð breyting á byggingarheimildum á svæðinu, sem verða áfram 4.000 m².

Tafla 2.1 ný tafla um afþreyingar- og ferðamannasvæði bætist við.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði og núverandi nýting	Stærð ha	N
AF1 Ferðaþjónusta við Sólheimajökul	5,3	0,08

2.3 Stefna fyrir Afþreyingar- og ferðamannasvæði AF1

Á svæði fyrir ferðaþjónustu við Sólheimajökul (AF1) er áfram gert ráð fyrir ferðaþjónustu. Um er að ræða veitingaþjónustu ásamt aðstöðu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki.

Um afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) gildir eins og segir í skipulagsreglugerð nr. 90/2013: „Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.“

Vanda skal sérstaklega til verka á svæðinu við Sólheimajökul sem er vinsælt ferðamannasvæði með mikið aðdráttarafli í sveitarfélaginu. Leggja skal áherslu á gott yfirbragð og góða ásýnd á svæðinu. Staðsetja skal byggingar eins og hægt er vel í landi og stuðla að því að allar byggingar falli eins vel að umhverfinu og kostur er. Í samræmi við markmið Landsskipulagsstefnu skal staðsetning og hönnun mannvirkja taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Í samræmi við 69. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal gæta þess að mannvirki og vegir falli sem best að svipmóti lands. Í deiliskipulagi skal setja skilmála um og skýra frá hvernig hugað verði að því að óveruleg

röskun hljótist af uppbyggingu og starfsemi á svæðinu þar sem um vinsælt náttúrusvæði er að ræða.

Gert er ráð fyrir að í deiliskipulagi verði settir fram nákvæmari skilmálar um yfirbragð og ásýnd á svæðinu. Þá er gert ráð fyrir að í deiliskipulagi verði eftir atvikum settir skilmálar um gæði mannvirkja, fyrirkomulag aðkomu, stígagerð, fráveitu og vatnsöflun.

2.4 Lausn lands úr landbúnaðarnotum

Í samræmi við breytingu á jarðalögum nr. 81/2004, sem tóku gildi 1. júlí 2021, er hér gerð grein fyrir afstöðu sveitarfélagsins til breyttrar landnotkunar, í samræmi við 2. gr frumvarps um breytingu laganna og 5. gr. laganna.

Þar sem um er að ræða færslu svæðis og stækkun afmörkunar er verið að taka 4,3 ha úr landbúnaðarnotum. Svæðið er afmarkað í samræmi við drög að breytingu á deiliskipulagi svæðisins, þar sem fyrirhuguð notkun svæðisins er skilgreind. Skoðaður var möguleiki á uppbyggingu á nyrðra bílastæði, en svæðið hefur verið talinn síðri valkostur vegna meiri hættu á flóðum.

Þó svæðið og aðliggjandi svæði sé skilgreint sem landbúnaðarsvæði er það ekki nýtt í þeim tilgangi og hefur breytingin ekki áhrif á aðlægg landbúnaðarsvæði.

Skoðað hefur verið hvernig aðstæður samræmast þeim þáttum sem settir eru fram í leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands, sem gefin voru út af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í mars árið 2021.¹ Landhalli á svæðinu er á köflum mikill þar sem á svæðinu er jökulruðningur. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið skilgreint sem melar og sandlendi þar sem er eyðimerkumelavist. Svæðið er nokkuð stórgrýtt.

Þá er ein helsta ástæða þess svæði AF1 getur eins og svæðið í kring ekki talist nothæft landbúnaðarland sú að svæðið er á þekktu flóðasvæði. Flóð eru nokkuð algeng á svæðinu, eins og fjallað er um í kafla 2.6 um náttúruvá.

2.5 Vatnsvernd, brunnsvæði

Á sveitarfélagsuppdrátt er afmarkað brunnsvæði. Í kringum brunnsvæði er afmarkað grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar. Gert er ráð fyrir að grannsvæði og fjarsvæði verði afmarkað í deiliskipulagi svæðisins þar sem við á. Um brunnsvæðið gilda ákvæði aðalskipulags um vatnsverndarsvæði og ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

2.6 Náttúruvá

Afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði AF1 er á helstu leiðum jökulhlaupa úr Mýrdalsjökli vegna umbrota úr jökli. Mikilvægt er að lagt sé mat á þá hættu sem stafar af jökulhlaupi á svæðinu og gerð sé viðbragðsáætlun komi til þess að líkur verði á flóðum.

¹ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2021). Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar.

3 Umhverfisáhrif

Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar, sbr. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga og III. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 712/2021.

Umfjöllun um umhverfisáhrif miðar að því að fjalla um umhverfisþætti sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna breytinga á aðalskipulaginu. Lagt er mat á hvort að áhrif á umhverfisþætti breytist frá niðurstöðum umhverfismats Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028. Jafnframt er gerð grein fyrir samræmi breytingar við þær opinberu áætlanir sem eiga við svæðið.

3.1 Samræmi við áætlanir

3.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við markmið 2.2 um að leitast sé við að varðveita náttúru svæðisins að því leyti að áformað er að byggja upp þjónustu og aðkomu ásamt bílastæðum sem stýra umferð á þessu fjölsóttu ferðamannasvæði til þess að verja umhverfi þess.

Breyting er í samræmi við markmið 2.3 í landsskipulagsstefnu að því leyti að ekki er byggt á verðmætu landbúnaðarlandi. Þrátt fyrir að svæðið sé skilgreint sem landbúnaðarland í aðalskipulagi er ekki um nothæft landbúnaðarland að ræða.

Breyting styður við markmið 2.4 í landsskipulagsstefnu um ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi þar sem hún er til þess fallin að bregðast við ásókn ferðamanna á svæðið og stýra umferð um svæðið þannig að hún komi sem minnst niður á umhverfi svæðisins.

3.1.2 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028

Breytingin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um að stuðlað sé að og stutt við vöxt ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Breytingin er í samræmi við stefnumótun Mýrdalshrepps um að ferðaþjónusta tengist náttúru svæðisins, þar sem breytingunni er ætlað að bæta aðstöðu og stýra umferð þeirra ferðamanna sem koma til að skoða náttúru svæðisins.

Skipulagssvæðið er eins og Mýrdalshreppur allur, innan Kötlu Jarðvangs, sem er samstarfsverkefni Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps og afmarkast af sveitarfélagamörkum þeirra. Þá eru Sólheimajökull og Sólheimaheiði skilgreind í aðalskipulagi sem mikilvægir staðir þar sem framkvæmdir skuli vera í samræmi við stefnu um uppbyggingu ferðamennsku og verndun náttúru.

Þá fellur tillagan að markmiði í kafla 2.4 aðalskipulags um að bæta aðgengi að stöðum sem á að sýna gestum, þar sem svæðið er vinsæll ferðamannastaður innan Kötlu Jarðvangs.

3.1.3 Deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi deiliskipulag þjónustusvæðis við Sólheimajökul, sem var staðfest dags. 01.03.2010, þar sem gert er ráð fyrir byggingarreit og bílaplani. Nú er í vinnslu breyting á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir stækkun bílastæðis og afmörkun sex nýrra byggingarreita.

3.1.4 Verndarsvæði

Brunnsvæði er skilgreint austan við afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1). Grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar liggur að vegi að AF1. Þar sem grannsvæði og fjarsvæði

vatnsverndar er austan við veg og utan við fyrirhuguð uppbyggingarsvæði eru áhrif breytingar á vatnsvernd talin óveruleg.

3.2 Áhrif á umhverfispætti

3.2.1 Samgöngur

Forsenda aðalskipulagsbreytingar er að hægt sé að afmarka aðkomu og bílastæði, sem verða útfærð í deiliskipulagi. Þetta er gert til að stýra umferð um svæðið og bæta aðstöðu og aðgengi á svæðinu sem hefur jákvæð áhrif á umhverfispátt. Núverandi bílastæði er malarplan sem er illa afmarkað og auðvelt að aka út fyrir planið með tilheyrandi raski á umhverfinu.

3.2.2 Ferðaþjónusta

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu þar sem hún bætir aðstöðu og stýrir flæði ferðamanna um svæðið.

3.2.3 Náttúruvá

Skipulagssvæðið er staðsett á svæði, sem er talið ein af helstu leiðum jökulhlaupa úr Mýrdalsjökli vegna umbrota úr jökli. Aðgerðir til að fyrirbyggja afleiðingar hamfara vegna mögulegs eldgos í Kötlu felast í reglulegri endurskoðun viðbragðsáætlunar og sannprófun björgunaraðgerðar.²

Árið 2015 kom út skýrsla á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans og Almanna- og Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra þar sem lagt var mat á líkur á flóði á svæðinu. Jökulhlaup var á svæðinu árið 1999 og 2014. Viðvörðunartími frá því órói greinist á skjálftamælum og hlaup brýst út er talið geta verið á bilinu 2-3 klukkustundir. Meiri líkur eru að hlaup hafi áhrif svæði norðan við umrætt svæði, þar sem svæði fyrir ferðaþjónustu var áður afmarkað, en syðra bílastæði sem breyting á aðalskipulagi fjallar um. Í skýrslunni kemur fram að „[s]yðra bílastæðið og húsið með veitingasölunni eru ekki í hættu vegna hlaupa af þeirri stærð sem könnuð hefur verið. Sama á við um göngustíg í hlíð Jökulhauss.“³

Hins vegar eru þau líkleg til að fara yfir veginn og má reikna með að „ófært yrði á bilum að og frá jöklinum meðan á hlaupi stendur“.⁴ Settir eru skilmálar um að leggja þurfi mat á þá hættu sem stafar af jökulhlaupi á svæðinu og gerð sé viðbragðsáætlun komi til þess að líkur verði á flóðum.

Sú leiðrétting að svæðið sé afmarkað syðra en áður er jákvæð með tilliti til náttúruvá þar sem minni líkur eru á að flóð hafi neikvæð áhrif á syðra svæði en það nyðra.

3.2.4 Náttúrufar

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á náttúrufar. Sett er stefna um að í deiliskipulagi verði hugað að því að óveruleg röskun hljótist af uppbyggingu og starfsemi á svæðinu. Þá er breytingin til þess fallin að stýra umferð ferðamanna um svæðið og afmarka betur

² Umhverfisskýrsla Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028.

³ Sólheimajökull: Hættumat vegna lítilla og meðalstórra jökulhlaupa (2015). Jarðvísindastofnun Háskólans og Almanna- og Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra.

⁴ Sólheimajökull: Hættumat vegna lítilla og meðalstórra jökulhlaupa (2015). Jarðvísindastofnun Háskólans og Almanna- og Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra.

bílastæði og með því draga úr hættu á raski jarðvegs og gróðurs utan skipulagðra stæða og leiða.

3.2.5 Fornminjar

Engar þekktar eða skráðar fornminjar eru á skipulagssvæðinu. Fjallað verður með nánari hætti um fornminjar í deiliskipulagi.

3.2.6 Ásýnd

Ákveðin uppbygging hefur þegar átt sér stað á svæðinu og byggingarheimildir verða óbreyttar. Uppbygging aðstöðu og bílastæði munu breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti, en það getur ekki talist umtalsverð breyting. Með aðalskipulagsákvæðum um áherslur á vandaða ásýnd og hönnun í deiliskipulagi er stuðlað að því að tekið verði tillit til yfirbragðs og gæða mannvirkja.

3.2.7 Landnotkun

Landnotkun á svæðinu var áður fyrir verslun- og þjónustu og verður nú svæði fyrir afþreyingar- og ferðaþjónustu. Ekki er gerð breyting á eðli þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu heldur þykir ný flokkun vera meira viðeigandi fyrir svæðið.

Svæðið sem stækkunin nær til, þ.e. úr 1,0 ha í 5,3 ha, er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Það er ekki og verður ekki nýtt til landbúnaðar vegna landgerðar og staðháttá. Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á landnotkun.

3.3 Niðurstöður umhverfismat

Breyting á aðalskipulagi breytir ekki niðurstöðu umhverfismati Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028. Í heildina er breytingin talin hafa engin eða óveruleg neikvæð áhrif á náttúrufar, fornminjar, ásýnd og landnotkun, en jákvæð áhrif á samgöngur, ferðaþjónustu og náttúruvá.

Ekki er þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum eða vöktunaráætlun vegna breytingar.

4 Kynning og samráð

4.1 Framsetning gagna

Gögn eru sett fram í greinargerð með umhverfisskýrslu ásamt breytingarupprætti í réttum mælikvarða.

4.2 Samráð

Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og umsagnaraðila er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Skipulagslýsing var auglýst í júní 2021. Mýrdalshreppur mun auglýsa kynningu á skipulagsgögnum og senda umsagnarbeiðni til helstu umsagnaraðila sem eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Landbúnaðarráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Ferðamálastofa
- Katla Jarðvangur
- Minjastofnun Íslands
- Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Í samræmi við breytingu á jarðalögun nr. 81/2004, sem tóku gildi 1. júlí 2021, var felld á brott aðkoma landbúnaðarráðherra að ákvörðunum um lausn lands úr landbúnaðarnotum. Landbúnaðarráðuneyti er send tillaga að aðalskipulagsbreytingu til umsagnar.

Tillagan er auglýst í samræmi við skipulagslög. Skipulagsgögn: Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og sveitarfélagsupprætti, verða aðgengileg á heimasíðu Mýrdalshrepps, <https://www.vik.is/> og á skrifstofu Mýrdalshrepps.

5 Samþykkt og staðfesting

Breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 hefur fengið meðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann

Breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 var staðfest af Skipulagsstofnun þann
